



Áhrifaríku finnsku Lehmän-þykknistúpurnar



Lehmän FOSFÓR-þykkni



Pakki 4 x 370 g

Fóðurbætifni fyrir nautgripi með fosfórskort

Lehmän FOSFÓR-þykkni inniheldur natríumtvívetnisfosfat sem er auðleysanlegt form fosfórs. Fosfórskammturinn í Lehmän FOSFÓR-þykknistúpunni er 28 grömm/túpu og ráðlagður dagsskammtur er tvær túpur á grip á dag, þ.e. dagsskammtur upp á 56 grömm fosfórs. Varan er notuð þegar kýr vilja ekki standa upp eftir burð þrátt fyrir kalkgjöf eða þegar grunur er um fosfórskort. Gefið fyrstu túpuna um sex tímum eftir burð og aðra um tuttugu tímum eftir burð. Mælt er með að notast við Lehmän FOSFÓR-þykkni í kjölfar kalkgjafar dýralæknis.

Athugið! Gripur verður að hafa eðlilegt kyngingarviðbragð.

Lehmän KALSÍUM-þykkni

Fóðurbætifni sem getur dregið úr hættu á doða hjá kúm. Hátt kalkinnihaldið getur haft jákvæð áhrif á samdráttarhreyfingar legs og hraðað burðarferlinu. Um leið aukast líkur á að fylgjan skili sér án vandkvæða. Lehmän KALSÍUM-þykknið inniheldur kalsíumklóríð og kalsíumprópiónat sem hafa skilvirka og skjóta verkun. Hin ólíku form kalks hafa bæði fljótverk skammtímaáhrif en einnig langtímaverkun. Hver Lehmän KALSÍUM-þykknistúpa inniheldur 55 grömm af hreinu kalsíum (40 grömm úr kalsíumklóríði og 15 grömm úr kalsíumprópiónati) sem er heppilegur og hæfilegur skammtur fyrir einn grip. Lehmän KALSÍUM-þykkni skal gefa í hvert sinn sem kýr er líkleg til að sýna doðaeinkenni.

Athugið! Gripur verður að hafa eðlilegt kyngingarviðbragð.

Skilvirkur kalkgjafi til inngjafar um munn



Pakki 4 x 390 g

Lehmän SÚRDOÐA-þykkni



Pakki 4 x 330 g

Þegar kýr eru lystarlausar

Fóðurbætifni fyrir kýr og kindur sem getur dregið úr hættu á súrdoða. Lehmän SÚRDOÐA-þykkni er skilvirkt og langverkandi. Það hækkar blóðsykur með skjóttum hætti og getur bætt átlýst gripa. Súrdoði getur verið undirliggjandi en orðið klínískur vegna breytinga í aðbúnaði og fóðrun. Lehmän SÚRDOÐA-þykkni má nota þegar kýr eru taldar í áhættu fyrir því að þróa með sér súrdoða. Hver túpa inniheldur 230 grömm af própýlenglýkóli og eru tvær túpur á grip á dag hæfilegur skammtur. Að auki inniheldur varan kalsíumprópiónat sem hefur jákvæð áhrif á átlýst. Athugið! Gripur verður að hafa eðlilegt kyngingarviðbragð.

FRAMLEITT Í FINNLANDI



Lehmän MAGNESÍUM-pykknii

Pegar hættu er á graskrampa (bráðadauða) vegna magnésíumskorts



Pakki 4 x 390 g

Fóðurbæti efni sem getur minnkað líkur á graskrampa (bráðadauða). Ein Lehmän MAGNESÍUM-pykknistúpa inniheldur 21 gramm af hreinu magnésíum sem er æskilegur skammtur fyrir kýr. Nota skal Lehmän MAGNESÍUM-pykknii þegar hættu er talin á graskrampa af völdum magnésíumskorts. Athugið að ef kýr getur ekki kyngt er hægt að gefa efnið inn um endaparm. Kýr verður að hafa eðlilegt kyngingarviðbragð sé gefið inn um munn.

Lehmän VAMBAR-pykknii

Öflugri örveruvirkni vambar!



Pakki 4 x 330 g

Fóðurbæti efni með góðgerlum fyrir mjólkandi kýr og kindur þegar grunur er um skerta vambarstarfsemi og minnkaða átlýst. Lehmän VAMBAR-pykknii er fjölvirkt bæti efni sem styður við örverustarfsemi vambar. Lykilþættir eru lifandi góðgerlar, própýlenglýkól og gulvandarextrakt (Gentiana) sem hafa jákvæð áhrif á átlýst gripa. Ráðlagður skammtur af Lehmän VAMBAR-pykknii er tvær túpur á dag fyrir kýr í tvo til þrjú daga í senn hafi starfsemi vambar raskast.

Lehmän KOLA-pykknii

Skjótvirkt fóðurbæti efni fyrir kýr og kálfa sem notast þegar skita, iðrakveisa eða eitrun gerir vart við sig



Pakki 4 x 335 g

Virk kol (lyfjakol) bindast ýmsum eiturefnum (toxínum) sem bakteríur gefa frá sér auk hættulegra efna og geta dregið úr eitrunaráhrifum þeirra. Athugið! Lehmän KOLA-pykknii skal ekki nota beint í kjölfar lyfjagjafar þar sem það getur bundist viðkomandi efnum og hamlað virkni þeirra. Ein túpa af Lehmän KOLA-pykknii inniheldur ríflegan 114 gramma skammt af virkjuðum Carbovet® kolum. Skammtur fyrir kýr: Ein túpa í senn tvisvar á dag. Kálfar fái aðeins ¼ túpu tvisvar á dag. Athugið! Gripur verður að hafa eðlilegt kyngingarviðbragð.

Lehmän pH-pykknii

Dregur úr sýringu vambar og minnkar líkur á sárum í slímhúð í vinstur



Pakki 4 x 430 g

Lehmän pH-pykknii er fóðurbæti efni fyrir kýr sem hefur bein áhrif til hækkunar á sýrustigi í vömb, til dæmis vegna offóðrunar á kjarnfóðri eða þegar vart verður við grip með súra vömb. Helstu einkenni: Gripir hafa litla átlýst, þunnt á gripum og illa lyktandi skítur, óvenjulegar vambarhreyfingar og þemba. Afleiðingar geta verið sáramyndun í vinstur, snúið vinstur og klaufsperra. Mest er hættan sex vikum eftir burð og hjá gripum sem fá stóra skammta kjarnfóðurs og hafa ekki nægan aðgang að trénisríku gróffóðri. Lehmän pH-pykknii inniheldur magnésíumþrísílikat og natríumbíkarbónat, efnasambönd sem hlutleysa síru með fljótverkum hætti. Athugið! Gripur verður að hafa eðlilegt kyngingarviðbragð.

Vasikan KOLA-gel

Skjótvirkt fóðurbæti efni fyrir kálfa með skitu, iðrakveisu og eitranir. Hefur stemmandi áhrif



Pakki 4 x 360 g

Inniheldur meðal annars eikarkol, sem hafa þann eiginleika að draga í sig eiturefni (toxín) frá bakteríum og önnur hættuleg efnasambönd sem valdið geta skaða í meltingarvegi kálfs. Vasikan KOLA-gelið inniheldur rafvaka (elektrólýta) sem bæta á saltbirgðir í skitutilfellum. Vasikan KOLA-gelið er stemmandi og bætið áferð skíts um leið og það dregur úr ofþornun.



Framleiðandi:
FinnCow

Framleiðsla:
Örninkatu 15
24100 Salo,
Finland

Dreifingaraðili á Íslandi:
Lífland ehf
Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík
www.lifland.is lifland@lifland.is